

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 15. júní 2023 eftirfarandi:

Hnoðraholt norður, deiliskipulagsbreyting.

Breytingin gerir ráð fyrir viðbótarhæðum fjölbýlishúsa sem verða inndregnar og fjölgun bílastæða innan lóðar til að mæta mögulegri fjölgun íbúða vegna aukins byggingarmagns. Einnig er gert ráð fyrir því að fjórum tveggja hæða einbýlishúsalóðum verði breytt í raðhús og parhús. Ákvæði verður sett um uppbrot efstu hæða í fjölbýlishúsum sem snúa að Vorbraut. Ákvæðum um Hnoðraholtslínu í jörð er bætt við greinargerð.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 9. ágúst 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 9. ágúst 2023